

II.

Af vörum, söluskattskyldum við tollafgreiðslu sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, sem með leyfi tollýfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 16. september 1979 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og söluskatts, skal greiða þann söluskatt, sem skv. 1. gr. laga nr. 73/1979 gildi frá og með 16. september 1979, nema fullnaðartollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir 1. nóvember 1979.

III.

Vegna septembermánaðar 1979 skulu framteljendur skila tveimur söluskattskýrslum, annarri vegna söluskattskyldrar starfsemi frá 1. degi mánaðarins til og með 15. september en hinni vegna söluskattskyldrar starfsemi frá og með 16. september og til loka mánaðarins. Skattýfirvöld geta krafist hvers konar upplýsinga af söluskattskyldum aðilum um skiptingu viðskipta milli þessara tveggja tímabila, þar á meðal upplýsinga um dreifingu viðskipta eftir árstíma á þessu og fyrri árum.

Gjört í Reykjavík, 16. október 1979.

Benedikt Gröndal.

Oddur Ólafsson.

Ármann Snævarr.

(L. S.)

Sighvatur Björquinsson.

16. október 1979.

Nr 86.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um stöðvun verkfalls á farskipum og verkbannsaðgerða
Vinnuveitendasambands Íslands.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð oss að vegna þess, að Alþingi hafi verið rofið án þess að kostur væri á að fjalla þar um bráðabirgðalög nr. 70 19. júní 1979, um stöðvun verkfalls á farskipum og verkbannsaðgerða Vinnuveitendasambands Íslands, sem biðu staðfestingar Alþingis og falli því úr gildi við þingrofið, beri brýna nauðsyn til að setja að nýju bráðabirgðalög sama efnis, sem geti komið til staðfestingar á Alþingi, þegar það kemur saman.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í kjaradóm sem ákveði fyrir 1. ágúst 1979 kaup, kjör og launakerfi áhafna á íslenskum farskipum.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja kjaradómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Kjaradómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og opinberum aðilum.

2. gr.

Kjaradómurinn skal við ákvörðun kaups, kjara og launakerfis áhafna á far- skipum meðal annars hafa hliðsjón af eftirfarandi:

- a) Þeim atriðum, sem samkomulag hefur orðið um á sáttastigi málsins milli áhafna og eigenda farskipa, svo sem um breytta vinnutilhögun.
- b) Síðast gildandi kjarasamningum áhafna á farskipum og launa- og kjarabreyt- ingum, sem samið hefur verið um milli fulltrúa vinnuveitenda og stéttarfélaga í öðrum starfsgreinum, frá því samningar áhafna voru síðast gerðir og þar til dómur gengur.
- c) Sérstöðu farmanna að því er varðar langar fjarvistir frá heimili og einangrun á vinnustað svo og þeirri menntun, ábyrgð og verkunnáttu, sem störf þeirra gera kröfu til.

3. gr.

Ákvarðanir kjaradóms skv. 1. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildis- töku laga þessara.

4. gr.

Verkbönn og verkföll, sem lög þessi taka til, þar á meðal þau, sem gerð eru í samúðarskyni til þess að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimil, þar með framhald þeirra verkbanns- og verkfallsaðgerða á farskipum, sem nú standa, svo og boðaðar verkbannsaðgerðir Vinnuveitendasambands Íslands 25. júní n. k.

5. gr.

Kostnaður við störf kjaradóms samkv. 1. gr. laga þessara, þar á meðal laun dómenda, eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum, ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1979. Úrskurður kjara- dóms skv. 1. gr. gildir til sama tíma nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli aðila.

Eftir 30. nóvember 1979 er úrskurður kjaradóms uppsegjanlegur af hvorum aðila um sig með eins mánaðar fyrirvara, miðað við mánaðamót.

Eftir 31. desember 1979 gildir úrskurður kjaradóms á meðan honum er ekki sagt upp.

Gjört í Reykjavík, 16. október 1979.

Benedikt Gröndal.

Oddur Ólafsson.

Ármann Snævarr.

(L. S.)

Benedikt Gröndal.